

# Heildartexti tillagna stjórnar Sálfræðingafélags Íslands að lagabreytingum á aðalfundi félagsins 10. apríl 2025.

## I. kafli Nafn og hlutverk

### 1. gr. Heiti félagsins

Félagið heitir Sálfræðingafélag Íslands, skammstafað SÍ. Félagið er fag- og stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði tekur til alls landsins. Félagið á aðild að Bandalagi háskólamanna (BHM) og sjóðum BHM í samræmi við gildandi kjarasamninga.

### 2. gr. Hlutverk félagsins

- Að semja um og standa vörð um fagleg hagsmunamál félagsfólks.
- Að semja um kaup og kjör félagsfólks.
- Að standa vörð um starfskjör og réttindi félagsfólks.
- Að stuðla að því að félagsfólk uppfylli fyllstu kröfur að því er varðar menntun og siðgæði samkvæmt siðareglum SÍ.
- Að stuðla að aukinni hagnýtingu sálfræðilegrar þekkingar og koma sálfræðilegum viðhorfum á framfæri.
- Að stuðla að samstarfi og samheldni milli félagsfólks.
- Að stuðla að tengslum við nema í sálfræði.
- Að eiga samstarf við önnur stéttarfélög.
- Að vera í samvinnu við félög sálfræðinga í öðrum löndum.

## II. kafli Aðild að félaginu og úrsögn

### 3. gr. Aðild

Aðild að SÍ geta þau einungis fengið sem hafa leyfi Landlæknis til þess að kalla sig sálfræðinga og aðrir sálfræðimenntaðir sem tilgreindir eru í lögum þessum. Félagfólk SÍ skulu fara að lögum félagsins, reglum og siðareglum svo og ákvörðunum aðalfunda.

Aðild að SÍ getur verið með eftirfarandi hætti:

- Fag- og stéttarfélagsaðild þeirra sálfræðinga sem greiða stéttarfélagsgjöld til SÍ. Aðildin veitir réttindi til þátttöku í fag- og stéttarfélagsmálum. Afrit af starfsleyfi gefnu út af Embætti landlæknis skal fylgja aðildarumsókn.
- Fagfélagsaðild þeirra sálfræðinga sem greiða fagfélagsgjald til SÍ. Aðildin veitir réttindi

til þátttöku í öllum málum félagsins öðrum en stéttarfélagsmálum. Afrit af starfsleyfi gefnu út af Embætti landlæknis skal fylgja aðildarumsókn.

3.3. Fræðaaðild þeirra sem hafa meistara- og/eða doktorspróf í sálfræði eða tengdum fræðigreinum og starfa við kennslu eða rannsóknir í sálfræði eða tengdum greinum við háskóla. Aðildin veitir rétt til þátttöku í öllum málum félagsins öðrum en stéttarfélagsmálum. Umsókn um fræðaaðild annarra en sálfræðinga skulu fylgja afrit af prófskírteinum og stuttur rökstuðningur fyrir aðild.

3.4. Nemaaðild þeirra sem eru skráð í MS nám í klínískri sálfræði við háskóla á Íslandi. Nemaaðild veitir réttindi til þátttöku í starfi félagsins en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi. Umsókn um nemaaðild skal fylgja staðfesting á skráningu í háskóla og afrit af prófskírteini (BS/BA).

3.5 Aukaaðild sálfræðinga sem starfa erlendis Aukaaðildin veitir réttindi til þátttöku í starfi félagsins en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

3.5. Lífeyrisaðild þeirra sálfræðinga sem þiggja lífeyri. Aðildin veitir full félagsréttindi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

3.6. Heiðursaðild þeirra sálfræðinga sem félagið hefur útnefnt heiðursfélaga SÍ.

## **4. gr. Félagsgjöld**

### **4.1 Stéttarfélagsaðild**

Aðalfundur ákveður félagssföld sbr. 3. grein.

Gjald fyrir stéttarfélagsaðild er hlutfall af heildarlaunum félaga. Hlutfall er ákveðið á aðalfundi.

### **4.2 Fagaðild**

Gjald fyrir fagaðild er greitt með árgjaldi. Aðalfundur SÍ ákveður árgjald fagaðildar.

### **4.3 Undanþágur frá greiðslum félagsgjalda.**

Stjórn er heimilt að fella félagsgjöld niður ef veikindi eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi sem félagi gerir stjórn grein fyrir og verða þess valdandi að viðkomandi getur ekki greitt félagsgjöld.

### **4.4 Sjálfvirk úrsögn úr Sálfræðingafélagi Íslands**

Hafi félagi ekki greitt árgjald til félagsins í þrjá mánuði samfleytt án gildra ástæðna, sem viðkomandi gerir stjórn grein fyrir, telst sá ekki lengur félagi.

## **5. gr. Úrsögn**

Úrsögn úr SÍ skal tilkynna stjórn félagsins skriflega. Úrsögn tekur gildi við næstu mánaðamót eftir dagsetningu bréfs og tekur þegar gildi, enda sé sá skuldlaus við félagið og mál þeim viðkomandi ekki til umfjöllunar hjá siðanefnd SÍ.

## **III. kafli Aðalfundur**

### **6. gr. Aðalfundur**

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Fundinn skal halda í aprílmánuði ár hvert. Skal hann auglýstur á heimasíðu félagsins og boðaður félagsfólki með tölvupósti. Fundarboð skal sent með þriggja vikna fyrirvara hið minnsta miðað við dagsetningu tölvupósts. Stjórn SÍ ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar sem er að jafnaði staðfundur. Stjórn SÍ getur ákveðið að fundurinn verði rafrænn eða sem staðfundur og rafrænn. Tillögur að lagabreytingum skulu fylgja aðalfundarboði.

Aðalfundur er lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Kosningar til trúnaðarstarfa og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar skulu vera leynilegar komi fram um það tillaga með tveimur meðmælendum. Einfaldur meirihluti ræður í atkvæðagreiðslu nema annað sé tekið fram í lögum.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda.

### **7. gr. Dagskrá aðalfundar**

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál vera á dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrslur nefnda, ráða, fagdeilda og undirfélaga félagsins.
3. Reikningar félagsins, nefnda og sjóða.
4. Fjárhagsáætlun og ákvörðun árgjalds.
5. Laga- og reglubreytingar.
6. Kosning / tilkynning um kjör í embætti og stjórn
7. Kosning í nefndir og stjórnir sjóða.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
9. Kynning á starfsáætlun næsta árs.
10. Önnur mál.

## **IV. kafli Stjórn og skipulag**

### **8. gr. Stjórn**

Stjórn SÍ skipa 7 fulltrúar: formaður, varaformaður, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur. Kjörtímabil er 2 ár, frá aðalfundi til aðalfundar. Formaður skal ekki sitja lengur en tíu ár samfleytt í embætti.

Formaður, varaformaður og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum og kys sér ritara en þó skal formaður eða varaformaður leiða samninganefndir SÍ.

Kjör stjórnar fer fram þannig að á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar, þannig að annað hvert ár er kosinn formaður og tveir meðstjórnendur en varaformaður, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur hitt árið. Hætti fulltrúi í stjórn á miðju kjörtímabili skal sá sem er kjörinn í staðinn ljúka kjörtímabili þess sem hætti.

Þegar kjörtímabili formanns er að ljúka skal auglýsa eftir framboðum til embættis formanns ekki síðar en í fyrstu viku janúar það ár. Auglýst skal eftir framboðum á heimasíðu félagsins og í tölvupósti til félaga. Framboð til embættis formanns skulu berast félaginu ekki síðar en tveimur vikum síðar og eru þau kynnt félagsfólki með tölvupósti og á heimasíðu félagsins. Ef fleiri en einn eru í framboði til embættis formanns skal kosning fara fram í janúar með rafrænni kosningu meðal allra atkvæðisbærra félaga og niðurstaðan kynnt félögum í kjölfarið.

Framboð til embætta í stjórn, annarra en embættis formanns, skulu berast félaginu ekki síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund og eru þau kynnt félagsfólki með tölvupósti og á heimasíðu félagsins. Ef fleiri en einn eru í framboði til hvers embættis skal kosning fara fram með rafrænni kosningu meðal allra atkvæðisbærra félaga fyrir aðalfund og skulu niðurstöður kynntar á aðalfundi. Ef ekkert framboð berst til embættis fyrir aðalfund skal á aðalfundi kallað eftir framboðum til embættis og kosið um það ef þarf.

Af sjö fulltrúum í stjórn skulu a.m.k. fimm og þar af formaður, varaformaður og gjaldkeri hafa fag- og stéttarfélagsaðild sbr. gr. 3.1.

Um hæfi stjórnarfólks fer eftir efnisreglum hliðstæðum þeim sem eru í II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Stjórn SÍ er heimilt að ráða starfsmann til félagsins. Starfsmaður félagsins hefur tillögurétt og málfrelsi á fundum stjórnar. Starfsmaður starfar á ábyrgð stjórnar SÍ.

Stjórn skipar í aðrar trúnaðarstöður en þær sem tilgreindar eru í lögnum.

### **9. gr. Trúnaðarmenn**

Stjórn skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn séu kjörnir sbr. V. kafla laga nr. 94/1986 og I. kafla laga nr. 80/1938. Trúnaðarmenn SÍ mynda trúnaðarmannaráð sem er stjórn og samninganefndum SÍ til fulltingis.

### **10. gr. Reikningsár**

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

### **11. gr. Félagsfundir**

Stjórn SÍ boðar til félagsfunda að minnsta kosti tvisvar á ári. Þeir skulu boðaðir á sama hátt og aðalfundur.

Stjórn félagsins er skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 10% félagsfólks með atkvæðisrétt krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans á sama hátt og aðalfundar. Félagsfundir taka ekki ákvarðanir nema stjórn SÍ feli þeim það en geta ályktað um stjórn og stefnu félagsins.

### **12. gr. Nefndir**

Nefndir starfa á grundvelli laga SÍ og lúta eigin starfsreglum sem skulu staðfestar af stjórn SÍ. Nefndir starfa á ábyrgð stjórnar SÍ að undanskilinni siðanefnd sem formaður siðanefndar ber faglega ábyrgð á. Félagið ber fulla og óskoraða fjárhagslega ábyrgð á störfum nefnda. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar SÍ. Stjórn félagsins skal halda samráðsfund einu sinni á ári með formönnum nefnda. Ef ekki tekst að fullmanna nefndir á aðalfundi skal stjórn SÍ leitast við að skipa þá fulltrúa sem upp á vantar við fyrsta tækifæri.

#### **12.1. Samninga- og samstarfsnefndir**

Stjórn skipar í samninganefndir gagnvart einstökum viðsemjendum. Hlutverk samninganefnda er að annast kjarasamninga fyrir hönd félagsfólks. Kjarasamningar skulu samþykktir af samninganefndum og undirritaðir af fulltrúum nefndanna. Miðlæga kjarasamninga skal bera undir atkvæði viðkomandi félagsfólks til samþykktar eða synjunar. Stjórn skipar samstarfsnefndir samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

## 12.2. Prófanefnd

Í félaginu skal starfa fimm aðila prófanefnd kosin á aðalfundi. Aðalfundur kýs formann sérstaklega. Kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirlit um sálfræðileg próf sem notuð eru hér á landi, stuðla að og vera til ráðgjafar við þróun og staðfærslu sálfræðilegra prófa.

## 12.3. Fagráð

Í félaginu skal starfa fimm aðila fagráð kosið á aðalfundi. Aðalfundur kýs formann sérstaklega. Kjörtímabil ráðsins er tvö ár. Hlutverk fagráðs er að vera stjórn Sí til ráðgjafar og aðstoðar þegar þurfa þykir varðandi lög og reglugerðir um sálfræðinga og nám og námsmat.

## 12.4. Ritstjórn Sálfræðiritsins

Sí gefur út tímarit. Stjórn félagsins ræður launaðan ritstjóra úr röðum sálfræðinga til tveggja ára í senn. Ritstjóri velur fólk í ritnefnd sér til fulltingis.

## 12.5. Siðanefnd

Í félaginu skal starfa fimm aðila siðanefnd, kosin á aðalfundi. Aðalfundur kýs formann sérstaklega. Kjörtímabil nefndarfólks er fjögur ár. Nefndarfólk skulu ekki gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndin starfar eftir siðareglum norrænna sálfræðinga og gildandi verklagsreglum.

Hlutverk siðanefndar er:

1. Að vera félagsfólki til ráðgjafar og leiðbeiningar um siðamál.
2. Að taka við og fjalla um kvartanir um meint brot félagsfólks á siðareglum.
3. Að úrskurða um réttmæti kvörtunar með hliðsjón af lögum og siðareglum félagsins.
4. Vinna að tillögugerð að endurskoðun á siðareglunum, m.a. með því að safna dæmum um

siðferðileg álitamál sem upp koma í starfi sálfræðinga.

Nefndin skal gefa féлага færi á að skýra og verja mál sitt. Úrskurður er gildur, standi meirihluti siðanefndar að honum. Nefndarfólk eru fjárhagslega skaðlausir af störfum nefndarinnar, þ.m.t. vegna útgjalda við dómsmál.

### **12.6. Fræðslunefnd.**

Í félaginu skal starfa fimm aðila fræðslunefnd kosin á aðalfundi. Aðalfundur kýs formann sérstaklega. Kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár. Hlutverk nefndarinnar er að meta þörf fyrir fræðslu og standa að reglulegum fræðslufundum og námskeiðum um málefni sem snerta félagsfólk og störf þeirra.

### **13. gr. Vinnudeilusjóður**

Félagið á vinnudeilusjóð. Skal honum kjörin þriggja aðila stjórn á aðalfundi og starfar hann samkvæmt reglum er aðalfundur setur. Í þeim reglum skal kveðið á um fastan tekjustofn og eftir atvikum óreglulegar tekjur vinnudeilusjóðs sem hlutfall af félagsgjöldum. Stjórn vinnudeilusjóðs er heimilt að gerast aðili að vinnudeilusjóði BHM.

### **14. gr. Vísindasjóður**

Félagið á vísindasjóð. Skal honum kjörin þriggja aðila stjórn á aðalfundi og starfar hann samkvæmt kjarasamningi og þeim reglum sem aðalfundur setur. Í kjarasamningi er kveðið á um fastan tekjustofn vísindasjóðs.

### **15. gr. Undirfélög**

Heimilt er í samráði við stjórn að stofna undirfélög SÍ. Undirfélög eru félög hópa sálfræðinga sem hafa ákveðna sérstöðu s.s. að starfa á ákveðnu landssvæði eða sinna ákveðnum aldurshópi.

Undirfélög setja sér starfsreglur sem skulu staðfestar af stjórn SÍ. Í starfsreglum undirfélaga skal kveðið á um að þau séu undirfélög SÍ og að félagsfólk skuli vera félagar í SÍ. Stefna og markmið undirfélagana skulu vera í samræmi við lög og stefnu SÍ. Undirfélög hafa sjálfstæðan fjárhag og geta ekki skuldbundið SÍ fjárhagslega.

Þegar starfsreglur hafa verið samþykktar af stjórn skal stofnun undirfélaga tilkynnt á aðalfundi SÍ til samþykktar.

### **16. gr. Fagdeildir**

Heimilt er í samráði við stjórn SÍ að stofna fagdeildir innan SÍ. Fagdeildirnar eru helgaðar sérstökum sviðum sálfræðinnar eða sálfræðistarfa.

Fagdeildirnar setja sér starfsreglur sem skulu staðfestar af stjórn SÍ. Í starfsreglum fagdeilda skal kveðið á um að þær séu fagdeild innan SÍ og að félagsfólk skuli vera félagar í

Sí. Stefna og markmið fagdeildanna skulu vera í samræmi við lög og stefnu Sí. Stjórn Sí er heimilt að styrkja starf fagdeilda fjárhagslega en fagdeildirnar geta ekki skuldbundið Sí fjárhagslega.

Þegar starfsreglur hafa verið staðfestar af stjórn skal stofnun fagdeilda tilkynnt á aðalfundi Sí til samþykktar.

### **17. gr. Verkfallsboðun**

Stjórn félagsins ákveður hvenær leitað skuli eftir samþykki félagsfólks til verkfallsboðunar.

Um framkvæmdina að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 94/1986 eða lögum nr. 80/1938 (með síðari breytingum) eftir því sem við á.

### **18. gr. Félagsslit**

Slíta má félaginu á fundi, sem hefur verið til þess boðaður sérstaklega, að ósk 2/3 hluta atkvæðisbærs félagsfólks, enda sæki 2/3 hlutar atkvæðisbærs félagsfólks fundinn.

### **19. gr. Lagabreytingar**

Lögum félagsins má því aðeins breyta að 2/3 atkvæðisbærs félagsfólks greiði því atkvæði á lögsmætum aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu kynntar sérstaklega í aðalfundarboði.

### **20. gr. Eldri lög**

Með samþykkt þessara laga falla úr gildi eldri lög félagsins.